



**KPMG ehf.**  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 545 6000

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Reginn hf.  
kt. 630109-1080  
Hagasmára 1  
201 Kópavogur.

Reykjavík, 1. mars 2016.

**Efni:** Sérfræðiskýrsla, sbr. 37. gr. og 5.-8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, vegna hlutafjár aukningar Regins hf.

Stjórn Regins hf. hefur óskað eftir því við KPMG ehf. að gerð verði sérfræðiskýrsla samkvæmt 37. gr., sbr. 5.-8. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, í tengslum við ákvörðun stjórnar um hækkun á hlutafé félagsins, í tengslum við kaup á CFV 1 ehf. og Ósvör ehf.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar mun hlutafé félagsins hækka um kr. 126.600.000 með útgáfu nýrra hluta. Lagt er til að félagið taki við öðrum verðmætum en reiðufé með eftirfarandi hætti:

Félagið mun yfirtaka allt hlutafé í einkahlutafélaginu CFV 1 ehf., kt. 441214-0140, að nafnverði kr. 380.500.000 og í einkahlutafélaginu Ósvör ehf., kt. 621287-1689, að nafnverði kr. 212.600. Í kaupsamningum um eignirnar, sem undirritaðir voru 30. desember 2015, er miðað við að gengi hlutabréfanna í Reginn hf. sé 19 og framangreint verðmæti sem áætlað er að félagið taki við því metið á að minnsta kosti kr. 2.405.400.000. Við verðmat framlagðra eigna var stuðst við gangvirði eigna og skulda hvors félags fyrir sig, samanber það sem fram kemur í framangreindum kaupsamningum vegna beggja félaganna.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, lýsum við því yfir með vísun til framangreindrar umfjöllunar og annarra gagna og upplýsinga sem fyrir liggja í málinu, að ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að þær eignir sem félagið tekur við svari að minnsta kosti til nafnverðs þeirra hluta sem félagið hyggst gefa út, auk yfirverðs.

Virðingarfyllst,

**KPMG ehf.**